

Umhverfisstefna Íveru

Ívera vinnur að því að tryggja langvarandi sjálfbærni í rekstri félagsins. Okkar nálgun er langvarandi, fyrirbyggjandi og skal ætíð horft til þess hvaða áhrif viðskiptaákvarðanir okkar hafa á umhverfið.

- Hjá Íveru er lögð mikil áhersla á umhverfispætti og líffræðilega fjölbreytni.
- Við leggjum mikla áherslu á að auka þekkingu okkar á sjálfbærum lausnum í rekstri okkar.
- Við hvetjum starfsfólk okkar til að ferðast til og frá vinnu á umhverfisvænan máta.
- Við lágmörkum notkun hættulegra efna í nýbyggingum okkar, viðhaldsverkefnum og endurbótum á eignasafni okkar.
- Við komum í veg fyrir mengun sem starfsemi okkar gæti hugsanlega valdið.
- Við vinnum statt og stöðugt í því að lágmarka kolefnislosun í rekstri félagsins sem og annarra skaðlegra gróðurhúsalofttegunda.
- Við förum sparlega með orkuna og stuðlum að því að orku og vatns notkun í rekstri fasteigna okkar sé sem hagkvæmastur.
- Við ákvarðanatöku innan félagsins tökum við tillit til nærumhverfis okkar og leitumst við að styðjast við lausnir sem takmarka neikvæð umhverfisáhrif út frá rekstri félagsins.
- Við flokkum og endurnýtum efni þar sem það er hægt.
- Við setjum okkur mælanleg markmið í aðgerðum okkar til að bæta umhverfið til að tryggja að markmiðin náist.
 - o Við skráum vatnsnotkun félagsins og kolefnislosun vegna hennar
 - o Við skráum rafmagnsnotkun og kolefnislosun vegna hennar
 - o Við skráum bensínnotkun félagsins
 - o Við skráum dísel notkun félagsins
 - o Við höldum skrá yfir úrgangsförgun frá stærri verkefnum
- Við setjum sömu kröfur á starfsmenn okkar og samstarfsaðila, kröfur sem við setjum fram í siðareglum félagsins.

Kópavogur 1.10.2025